

Fundargerð

Efni fundarins:

Dags. fundar: 5.júní 2020	Staðsetning: zoom	Fundur settur 08:30
Fundarboð: Jóna Árný	Fundarritari: Eyþór	Fundi slitið: 09:30

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mættir:	Nafn	Fulltrúi stofnunar	Tölvupóstur
x	Jóna Árný Þórðardóttir	Austurbrú	jona@austurbru.is
x	Einar Már Sigurðsson	SSA	ems@fjardabyggd.is
	Björn Ingimarsson	Fljótshérað	bjorni@egilsstadir.is
x	Gauti Jóhannesson	Djúpivogur	gauti@djuvovgur.is
x	Helgi Gíslason	Fljótshérað	fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is
	Karl Óttar Pétursson	Fjarðabyggð	karl.petursson@fjardabyggd.is
	Aðalheiður Borgþórsdóttir	Seyðisfjörður	adalheidur.borgthorsdottir@sfk.is
x	Óðinn Gunnar Óðinsson	Fljótshérað	odinn@egilsstadir.is
x	Jón Þórðarson	Borgarfjörður eystri	borg@eldhorn.is
x	Sara Elísabet Svansdóttir	Vopnafjörður	saras@vfh.is
x	María Hjálmarsdóttir	Austurbrú	maria@austurbru.is
	Sigríður Bragadóttir	Vopnafjörður	sigridurb@vopnafjordur.is
x	Snorri Styrkársson	Fjarðabyggð	@fjardabyggd.is
x	Eyþór Stefánsson	Austurbrú	eythor@austurbru.is

Efni / dagskrá:

Fundur settur

- Fundur með Vinnumálastofnun. Jóna sagði frá fyrirhuguðum fundi með Vinnumálastofnun í næstu viku. Rætt var hvernig heppilegast væri að stofnunin ynni gagnvart sveitarfélögum og var þá sérstaklega nefnt að heppilegra væri að vinna út frá póstnúmerum frekar en sveitarfélögum. Talað var um að heimasíða stofnunarinnar hefði tekið framförum. Farið var yfir hvernig gengi að manna störf sem sveitarfélögin voru að ráða í í samvinnu við stofnunina en búið var að ráða í nær öll störfin sem sveitarfélögin auglýstu.
- Landshlutaúttekt á stöðu fyrirtækja. Jóna bar upp fyrirspurn um hvort áhugi væri fyrir hendi á að fá úttekt frá KPMG á stöðu fyrirtækja í fjórðungnum út frá ársreikningum þeirra. Áhugi var fyrir hendi en lýstu menn þó yfir vilja til að sjá nánari drög að afurð áður en ákveðið yrði að fjárfesta í slíku.



3. Kynningarstarf ferðapjónustunnar. María Hjálmarsdóttir fór yfir vinnu Markaðsteymis Austurbrúar og á hvað það leggur áherslu í markaðssetningu fjórðungsins í sumar. (Sjá nánar fylgiskjal)
4. Skráningarverkefni Minjastofnunar. Jóna sagði frá því að Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar hafði látið vita af áhuga stofnunarinnar til samstarfs við sveitarfélögin vegna skráningaverkefna. Voru sveitarfélög sem áhuga hafa á samstarfi hvött til að setja sig í samband við Kristínu.
5. Leikskólakennaranámsáttak. Menntavísindasvið Háskóla Íslands hefur áhuga á að vera með áttak inn á svæðum víðs vegar um landið og safna saman í hóp nemendum í leikskólakennarafræði og koma betur til móts við hópana með ýmsum aðgerðum. Austurbrú er búin að taka fundi með menntavísindasviði og leiðbeina áfram um hverja væri best að ræða við hjá sveitarfélögunum á Austurlandi til að meta þörfina og áhugan.
6. Fundir framundan. Einar fór yfir samskipti við Húsnæðis – og Mannvirkjastofnun sem þakkaði gott samstarf undanfarið við sveitarfélög á Austurlandi og í bígerð er fundur vegna leigufélagsins Bríetar. Þá sagði Jóna frá því að fyrirhugaður væri fundur með Vegagerðinni í næstu viku.

Næsti fundur ákveðinn 12.06.2020 kl. 8:30.

Fylgiskjal: kynning_sveitarfelog.pdf

